

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN LEYFI/VEIKINDI



LANDAKOTSSKÓLI

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða eða lengra aftur ef langt er liðið á skólaárið (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin). Skóli sendir póst heim til foreldra einu sinni í mánuði. Skóli getur óskað eftir viðeigandi vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

*Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla“.*

## ÞREP 1 5-9 DAGAR

Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasóknina og á samtal við foreldra.

## ÞREP 2 10-14 DAGAR

Þrep 1 endurtekið. Skólahjúkrunarfræðingur og skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

## ÞREP 3 15-19 DAGAR

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar, ásamt skólastjórnanda. Nemendaverndarráð er upplýst um stöðu mála með vitneskju foreldra.

## ÞREP 4 20-29 DAGAR

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og getur óskað eftir aðkomu skólaþjónustu viðkomandi sveitarfélags sem jafnframt er upplýst um stöðu mála. Áætlun um aðgerðir sett fram.

## ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar og skólaþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Fram kemur í tilkynningu frá skóla hvað hafi verið gert á fyrri þrepum, einnig mat á stöðu og líðan nemandans og samskipti við foreldra.

Barnavernd boðar til tilkynningarfundar. Á fundinn eru boðaðir foreldrar, nemandi og skólastjórnendur. Gerð er áætlun sem skóli, foreldrar og barnavernd skrifa undir þar sem samstarf er heimilað.

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN

## FJARVISTIR



LANDAKOTSSKÓLI

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla“.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingar fjarvista (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma).

Við brögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögð séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

Eftir 15 mínútur er gefin fjarvist, en seint fram að því. Tvær seinkomur gefa eina fjarveru.

### ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR

Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasóknina og á samtali við foreldra.

### ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR

Þrep 1 endurtekið. Boðað til fundar með foreldrum og nemanda (ef við á). Tilkynning til skólastjórnenda.

### ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR

Fundur með umsjónarkennara og nemanda, ásamt foreldrum og skólastjórnanda (eða fulltrúa hans).

### ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði með vitneskju foreldra.

Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og getur óskað eftir aðkomu skólaþjónustu viðkomandi sveitarfélags sem jafnframt er upplýst um stöðu mála. Áætlun um aðgerðir sett fram.

### ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar og skólaþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Fram kemur í tilkynningu frá skóla hvað hafi verið gert á fyrri þrepum, einnig mat á stöðu og líðan nemandans og samskipti við foreldra.

Barnavernd boðar til tilkynningarfundar. Á fundinn eru boðaðir foreldrar, nemandi og skólastjórnendur. Gerð er áætlun sem skóli, foreldrar og barnavernd skrifa undir þar sem samstarf er heimilað.